



Reykjavík, 02. mars 1992

Menntamálanefnd Alþingis
Frú Sigríður A. Þórðardóttir
formaður

Erindi nr. P 115 1629

komudagur 9/3 1992

Efni: Frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna 214. mál.

Við undirritaðir álitum að þær breytingar sem settar eru fram í 1. og 2. gr. frumvarpsins muni, miðað við núgildandi lög, valda því að færri nemendur sækji vélstjórnar- og skipstjórnarnám.

Í núgildandi lögum fá nemendur sjómannaskólanna námslán um leið og þeir eru innritaðir í vélstjórnar- og skipstjórnarnám. Staðgóð menntun og nægur fjöldi vel menntaðra manna í þessum greinum skiptir höfuðmáli í sjávarútvegi og siglingum auk framboðs tæknimenntaðra manna til stjórnunar í vatnsvirkjunum, frystihúsum og járníðnaði.

Enn fremur álitum við hættu á að fyrirnefndar greinar frumvarpsins valdi því að margir freistist til þess að hefja ekki nám fyrr en þeir hafa náð tuttugu ára aldri og komi þar af leiðandi seinna út á vinnumarkaðinn að loknu námi.

Í heild sýnist okkur undirrituðum að fyrirnefnd breyting á Lánasjóði íslenskra námsmanna vinni gegn þeirri yfirlýsingu sem stjórnámálamenn hafa gefið að stuðla beri að aukinni aðsókn í sérnám og iðnnám fremur en í langt háskólanám.

Við undirritaðir óskum því eftir að í lögunum verði tekið skýrt fram að nemendur í vélstjórnar- og skipstjórnarnámi hafi, eins og verið hefur, fullan aðgang að Lánasjóði íslenskra námsmanna án tillits til aldurs.



Virðingarfyllst,



Guðjón Ármann Eyjólfsson,
skólameistari
Stýrimannaskólans í Reykjavík

Björgvin Þór Jóhannsson,
skólameistari
Vélskóla Íslands

Heimilisfang:
SJÓMANNASKÓLINN
VIÐ HÁTEIGSVEG
105 REYKJAVÍK
KT. 570269-2759

SÍMI HÚSVARÐAR 91-18144
BÓKASAFN 91-622750



STÝRIMANNASKÓLINN
Í REYKJAVÍK
PÓSTHÓLF 8473
128 REYKJAVÍK
SÍMI 91-13194
KT. 630269-2109



VÉLSKÓLI ÍSLANDS
PÓSTHÓLF 5134
128 REYKJAVÍK
SÍMI 91-19755
KT. 690269-5119